

Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn (fjarvera frá námi af einhverjum orsökum) – skólaforðun

Forráðamenn verða að sækja sérstaklega um leyfi sem er lengra en 2 dagar á þar til gerðu eyðublaði.

Snemmtæk íhlutun – fyrsta þrep

5-10 veikinda- og/eða leyfis dagar:

- Umsjónarkennari ræðir við nemanda um fjarveru hans
- Ef ekki er málefnaleg skýring sendir umsjónarkennari bréf til foreldra/forráðamanna (ástundunarbréf) og hringir heim.
- Jafnframt er staðan rædd við deildarstjóra/skólastjóra

Fyrstu einkenni skólaforðunar – annað þrep

15 veikinda- og/eða leyfis dagar:

- Umsjónarkennari sendir aftur bréf til foreldra og hringir heim
- Málið rætt við skólastjóra
- Málið rætt við skólahjúkrunarfræðing
- Ef 80% af þessum fjarvistum eru veikindadagar hringir skólahjúkrunarfræðingur heim og málið er rætt í nemendaverndarráði.

Einkenni skólaforðunar – þriðja þrep

20 veikinda- og/eða fjarvistardagar:

- Deildarstjóri boðar foreldra á fund ásamt umsjónarkennara og skólahjúkrunarfræðingi ef 80% fjarveru er vegna veikinda
- Stofnað er teymi til að kortleggja stöðuna, finna viðeigandi lausnir og gera skriflega áætlun eftir því sem við á.
- Nemandi er með í teymi eftir því sem við á.

Skólaforðun – fjórða þrep

30 veikinda- og/eða fjarvistardagar

- Teymið heldur áfram með málið
- Ef ekki eru málefnalegar skýringar er málið tilkynnt formlega til nemendaverndarráðs og málið tilkynnt til Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings

Ef foreldrar eru ekki tilbúnir til samráðs við skóla ber að upplýsa þá um að skóla beri, lögum samkvæmt, að tilkynna málið til barnaverndarnefndar.

Ef lausnir og viðbrögð við skólasóknarvanda sem reynd hafa verið skila ekki árangri eða ef teymi metur þörf á er málinu vísað til barnaverndar.

